




Akureyrarbær

Reglur um leikskólaþjónustu Akureyrarbæjar

Endurskoðun samþykkt 2. júní 2020



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Umsókn um leikskóla	3
2. Innritun	3
Umsókn og innritun í leikskóla:	3
3. Forgangur.....	3
4. Umsókn um flutning milli leikskóla.....	4
5. Uppsögn á leikskólavist.....	4
6. Staðfesting á leikskólavist, skólasamningur og uppsagnarfrestur	4
7. Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi	4
8. Skilyrði fyrir leikskóladvöl	5
9. Veikindi barna	5
10. Sérúrræði	5
11. Gjaldskrá	5
12. Kostnaður við leikskólagöngu barns.....	5
13. Tímabundin leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi.....	6
14. Tvöföld leikskólavist	7
15. Erlendar fjölskyldur.....	7

Inngangur

Reglur þessar gilda um leikskólaþjónustu Akureyrarbæjar. Þessar reglur gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla (undanskilinn kafli 13). Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2003 með síðari breytingum. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html>.

1. Umsókn um leikskóla

Á heimasíðu Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/leikskolar> er að finna lista í stafrófsröð yfir alla leikskóla sem reknir eru á Akureyri. Þegar barn hefur fengið kennitölu er hægt að sækja um leikskóla. Foreldrar sækja um leikskóla á rafrænu formi á heimasíðu Akureyrarbæjar.

https://innritun.karellen.is/?municipality_id=37. Mikilvægt er að umsóknum hafi verið skilað inn fyrir 1. febrúar árið sem óskað er eftir innritun fyrir barnið. Í marsmánuði fá foreldrar upplýsingar um innritun barna sinna.

2. Innritun

Umsókn og innritun í leikskóla:

- Foreldrar sækja um ákveðinn leikskóla í aðalval og hefur sá leikskóli ákveðið vægi í innritunarferlinu. Umsóknum er raðað inn eftir kennitölum í þá skóla sem settir eru í aðalval.
- Að jafnaði fá foreldrar tilboð um leikskóladvöl fyrir barn sitt þegar það hefur náð 12 mánaða aldri í ágúst. Viðmið um aldur er skoðað árlega.
- Við innritun er tekið tillit til barna sem eiga eldra systkini í umsóknarskóla. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. 6 mánuði af leikskólagöngu við innritun yngra systkinis.
- Ef ekki er hægt að verða við ósk foreldra um þann leikskóla sem settur er í aðalval á umsókn, er umsókn raðað inn í þá skóla sem settir eru í varaval. Ef skóli í varavali er þegar fullsetinn er foreldrum boðinn annar skóli. Unnið er með þessar umsóknir eftir að innritun úr aðalvali er lokið. Umsókn úr varavali fer ekki ekki fram fyrir umsókn í aðalvali hvers skóla fyrir sig.
- Ef foreldrar sækja eingöngu um einn skóla og fá ekki tilboð um innritun er boðin leikskólavist annars staðar.
- Þegar innritað er í leikskóla eftir að aðalinnritun lýkur er tekið tillit til samsetningar barnahópsins í hverjum skóla, s.s. aldurs barna á deildum og í Hólmasól er tekið tillit til kyns í kjörnum skólans.

3. Forgangur

Hægt er að óska eftir forgangi í leikskóla vegna:

- Barna með sérþarfir. Greining þarf að vera fyrirliggjandi frá viðurkenndum greiningaraðilum s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sálfræðingum og/eða barnalæknum. Forgangsbeiðnir skulu berast skriflega og rökstuddar gögnum frá viðkomandi aðilum.

- Barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati fjölskyldusviðs og/eða lækna. Forgangsbeiðnir skulu berast skriflega og rökstuddar gögnum frá fjölskyldusviði og/eða læknum.
- Annarra aðstæðna.
- Forgangsbeiðnir skulu berast skriflega og rökstuddar gögnum. Matshópur á fræðslusviði metur beiðnir um forgang sem berast.

4. Umsókn um flutning milli leikskóla

Foreldrar sækja um flutning milli leikskóla á rafrænu formi í þjónustugátt Akureyrarbæjar <https://innskraning.island.is/?id=thjonustugatt.akureyri.is>. Umsókn er raðað á biðlista eftir kennitölu barns. Ekki er hægt að tryggja flutning milli leikskóla á almanaksárinu, ef umsóknin berst eftir 1. febrúar ár hvert.

5. Uppsögn á leikskólavist

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sumarlokun skólans telst ekki til uppsagnarfrests. Uppsögn fer fram með rafrænum hætti í gegnum þjónustugátt

<https://innskraning.island.is/?id=thjonustugatt.akureyri.is> Foreldrar barna sem eru að ljúka leikskólagöngu vegna aldurs, skila uppsagnarblaði í byrjun febrúar ár hvert.

6. Staðfesting á leikskólavist, skólasamningur og uppsagnarfrestur

Aðlögun barna í leikskóla fer fram að hausti en í vissum tilvikum getur aðlögun þó hafist að vori.

- Börn eru innrituð í leikskólana með því að foreldrum þeirra er sent innritunarbréf í tölvupósti frá fræðslusviði. Í innritunarbréfinu kemur fram hvaða leikskóli foreldrum stendur til boða fyrir barnið.
- Foreldrar staðfesta leikskólavist við skólastjórnendur í viðkomandi skóla innan sjö daga frá dagsetningu innritunarbréfs. Jafnframt þarf að gefa upplýsingar um daglegan dvalartíma barnsins og um sérstakar þarfir barns s.s. vegna fæðuofnæmis, veikinda o.fl.
- Berist skólastjórnendum ekki staðfesting frá foreldrum innan þessara sjö daga, áskilur fræðslusvið sér rétt til að taka barnið af innritunarlistanum og innrita annað barn í staðinn.
- Áður en barnið hefur leikskólagöngu undirrita foreldrar skólasamning við leikskólann. Með undirritun sinni á skólasamningi staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér upplýsingar sem þar koma fram og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

7. Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi

Leikskólar Akureyrar eru opnir frá kl 07:45 til kl 16:15. Að lágmarki er hægt að óska daglega eftir 4 klst. dvöl og að hámarki 8,5 klst. Leikskólar eru lokaðir í 48 stundir á skólaári vegna skipulags- og námskeiðsdaga. Engin breyting verður á

leikskólagjöldum vegna lokunardaga leikskóla. Leikskólar á Akureyri eru lokaðir í 4 vikur yfir sumartímann. Gert er ráð fyrir að hvert barn fái a.m.k. 4 vikna sumarleyfi sbr. reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/15566>

8. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Allir foreldrar geta sótt um leikskóla á Akureyri, óháð búsetu, en lögheimili í sveitafélaginu er skilyrði þess að börn geti hafið leikskólagöngu. Akureyrarbær niðurgreiðir skólavist barns á einum stað í senn. Foreldrar sem eiga ógreidd leikskólagjöld fá ekki að innrita barn fyrr en búið er að gera upp eða semja um skuldina.

9. Veikindi barna

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar.

10. Sérúrræði

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá hann að fenginni samþykkt frá fræðslusviði.

11. Gjaldskrá

Gjaldskrá leikskóla er tvískipt, annarsvegar *almennt gjald* og hinsvegar *lægra gjald*. Undir lægra gjald falla einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í fullu námi, báðir foreldrar atvinnulausir, báðir foreldrar 75 % öryrkjar eða foreldrar þar sem annað er í námi og hitt atvinnulaust eða 75% öryrki. Tími umfram 8 klukkustundir dag hvern er með 100% álagi. Frekari upplýsingar er að finna í gjaldskrá,

https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/Gjaldskrar2019/gjaldskra_leikskola_2019.pdf

12. Kostnaður við leikskólagöngu barns

Akureyrarbær greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum bæjarins. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Kostnaðarhlutfall foreldra kemur fram á reikningum ásamt hráefniskostnaði vegna fæðis barna í leikskólanum.

- Gjöld fyrir skólagöngu í leikskóla eru innheimt með rafrænum hætti í heimabanka foreldra. Hægt er að óska eftir prentuðum greiðsluseðli í þjónustugátt á vef Akureyrarbæjar. Einnig er hægt að greiða með boðgreiðslum á kreditkorti.
- Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram og er eindagi 15. – 18. hvers mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga leggjast á dráttarvextir frá og með gjalddaga.

- Leikskólagjöld skerðast ekki þrátt fyrir frídaga eða fjarveru barns og tekið er fullt gjald frá fyrsta degi aðlögunar. Þetta gildir þó ekki alfarið um langveik börn, sbr. samþykkt fræðsluráðs frá 1. janúar 1998 um rétt langveikra barna.
- Ef leikskólagjöld eru ógreidd 8 dögum eftir eindaga fá foreldrar senda innheimtuviðvörðun þar sem þeim er gefinn frestur til greiðslu. Ef skuldin er enn ógreidd 20 dögum eftir eindaga fer hún sjálfkrafa til innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Vakin er athygli á því að innheimtukostnaður bætist við skuldina við hvert innheimtubréf sem sent er frá innheimtufyrirtækinu og jafnframt reiknast dráttarvextir.
- Skuldi foreldrar þrjá mánuði er leikskólasamningi sagt upp þá er skuldin komin í innheimtu hjá innheimtufyrirtæki. Barnið eða önnur börn þessara foreldra verða ekki innrituð aftur í leikskóla fyrr en búið er að gera upp eða semja um skuldina.
- Í uppsagnarbréfi er gefinn mánaðarfrestur til að greiða eða semja um skuldina hjá innheimtufyrirtæki. Hins vegar ef skuldari hvorki greiðir né semur um skuld sína er dvalarsamningi sagt upp að greiðslufresti loknum.
- Sé greiðandi hættur í þjónustu hjá fræðsluviði og á enn ógreidda skuld eftir þriðja innheimtubréf, er sent út svokallað lögfræðibréf með tilheyrandi kostnaði. Ef skuldin er enn ekki greidd að loknum fresti er hún sett í innheimtu eða kröfuvakt. Fjárreiðudeild Akureyrarbæjar tekur endanlega ákvörðun um hvor leiðin er farin.

13. Tímabundin leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknar. Sótt er um í gegnum þjónustugátt.

<https://innskraning.island.is/?id=thjonustugatt.akureyri.is>.

Sviðsstjóri fræðsluviðs afgreiðir umsóknir um leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi og staðfestir greiðsluskyldu bæjarins vegna leikskóladvalar barns. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs. Við afgreiðslu umsóknar er fyrst og fremst horft til eftirfarandi aðstæðna:

- a. Foreldrar stunda starfsnám eða háskólanám í öðru sveitarfélagi.
- b. Börn eru vistuð í tímabundnu fóstri af barnavernd í öðru sveitarfélagi.
- c. Mælt er með því af skólaþjónustu að barn sækji leikskóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna.
- d. Foreldrar þurfa að flytja lögheimili sitt í að hámarki eitt ár til Akureyrarbæjar, vegna sérstakra aðstæðna.

Sjá nánar <https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/leikskoli/vidmidunarreglur-um-greidslur-vegna-leikskoladvalar-utan-logheimilissveitarfelags/>

14. Tvöföld leikskólavist

Berist umsókn um tvöfalda skólavist barns í leik- eða grunnskóla er það stefna Akureyrarbæjar að hafna slíkri ósk. Sjá nánar samþykkt fræðsluráðs Akureyrarbæjar: <https://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/regluogsamthykkir/tvofold-skolavist/tvofold-skolavist-samthykkt-stefna-akureyrar.pdf>. Samkvæmt álit Sambands íslenskra sveitarfélaga gengur það gegn hagsmunum og þörfum barna að ganga í tvo skóla hvort sem barnið er á leik- eða grunnskólaaldri. Öll lög og reglur mæla gegn tvöfaldri námsvist. <https://www.samband.is/frettir/skolamal/leidbeinandi-alit-um-tvofalda-skolavist-barna>

15. Erlendar fjölskyldur

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið á Akureyri við nám eða störf, geta sótt um tímabundna leikskólavist.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólavist á Akureyri. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu á Akureyri, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að þegar lögheimili er fengið verði það á Akureyri. Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Akureyri með eftirfarandi gögnum:

- Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelji á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, <https://www.althingi.is/lagas/145b/2002096.html> þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis á Akureyri.
- Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga (sjá lög ofar) þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang á Akureyri.
- Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga (sjá lög ofar), þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Akureyrarbæ um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Akureyrar.
- Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga (sjá lög ofar) sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Akureyri þurfa að leggja fram staðfestingu þess efnis.

Staðfest af fræðsluráði 15. júní 2020

Samþykkt í bæjarráði 2. júlí 2020

Breyting á 2. lið 2. gr. um aldursviðmið samþ. í fræðsluráði 7. des. 2020